



Atvinnuveganefnd Alþingis

Skagaströnd 31.10.22

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslega hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins, 10. Mál

Sveitarfélagið Skagaströnd hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslega hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins sem nokkrir þingmenn hafa lagt fram á Alþingi. Með tillögunni er lagt til að stækka þann hluta sem tekinn er af aflaheimildum hvers árs úr 5,3% í 8,3% af úthlutuðum aflaheimildum heildarafla.

Sveitarfélagið Skagaströnd styður heilshugar hugmyndir um eflingu félagslega hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins. Sjávarbyggðir allt í kringum Ísland hafa liðið fyrir stórfellda samþjöppun aflaheimilda allt frá því að kvótakerfið var tekið upp árið 1984. Hagræðing greinarinnar hefur verið greidd af sjávarbyggðum landsins í formi tapaðra starfa, íbúafækkun og hruni fasteignaverðs. Sjávarbyggðir með undir 500 íbúa voru 25 þann 1. janúar 2019. Hefur íbúum fækkað í öllum nema einni frá 1990, á Grenivík, þar sem íbúafjöldinn hefur staðið í stað. Mest hefur fækkunin hlutfallslega verið á Raufarhöfn þar sem hún var 57% og á Borgarfirði eystri þar sem hún var 53%. Íbúafjöldi þessara 25 byggðarlaga var árið 1990 6.857 en var 1. janúar 2019 kominn niður í 4.695 og hefur því fækkað um rúm 30%. Í dag býr meginþorri þjóðarinnar á, eða í nágrenni við, höfuðborgarsvæðið.

Svokallaður félagslegur hluti fiskveiðistjórnunarkerfisins hefur verið nýttur til þess að reyna að hafa áhrif á þessa neikvæðu þróun. Sú aðgerð sem vegur þar þyngst eru strandveiðar. Strandveiðar hafa skapað umsvif í höfnum vítt og breytt um landið og hafa ýtt undir nýliðun innan smábátaútgerðar með góðum árangri. Á Skagaströnd hefur smábátaútgerð eflst á undanförunum árum. Í flestum tilfellum er um að ræða miðaldra karlmenn sem hafa stundað sjómennsku á togurum frá því að grunnskólagöngu lauk sem eru að reyna að skapa sér framfærslugrundvöll með strandveiðum, grásleppuveiðum, byggðakvóta og leigu aflaheimilda. Þessi þróun hefur skapað umtalsverða byggðafestu á Skagaströnd þar sem að öllum líkindum hefðu fjölskyldur þessara manna flutt frá Skagaströnd hefðu þessir möguleikar ekki verið til staðar. Á Skagaströnd fengu 25 bátar úthlutað byggðakvóta fiskveiðiárið 21/22 en fiskveiðiárið 03/04 voru einungis 4 bátar sem nutu þessara gæða. Eru þessar upplýsingar til marks um hvernig svokallaður félagslegur hluti fiskveiðistjórnunarkerfisins hefur komið til styrkingar byggðafestu í Sveitarfélaginu Skagaströnd. Sveitarfélagið Skagaströnd telur að tillaga þingmanna muni styrkja byggð á Skagaströnd enn frekar. Sveitarfélagið telur að áhrifaríkast yrði að beina auknum veiðiheimildum inn í strandveiðikerfið með það að markmiði að tryggja smábátasjómönnum rétt til þess að róa í 48 daga með öllum þeim takmörkunum sem það kerfi inniber.

Sveitarfélagið Skagaströnd telur að þessi 3% aukning innan félagslega hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins muni ekki hafa afgerandi áhrif á stöðu núverandi handhafa aflaheimilda í ljósi þess að innan fiskveiðistjórnunarkerfisins er umtalsverður sveigjanleiki. Í



Því sambandi má benda á að á síðasta fiskveiðíári var, eins og undanfarin ár, virkur markaður með aflaheimildir á leigumarkaði. Séu gögn á vef Fiskistofu notuð má sjá að 288.902.332 kg skiptu um hendur á fiskveiðíárinu og verðmæti sem skiptu um hendur í þessum viðskiptum voru samtals 8.643.919.458 kr. Ekki verður séð að það geti verið þjóðhagslega hagkvæmt að halda áfram að úthluta aflaheimildum til aðila sem ekki eru að nýta þær. Í dag eru smábátasjómenn til dæmis tilbúnir að greiða 390kr/kg fyrir hvert kg af þorski áður en haldið er til veiða. Þessir aðilar hljóta því að vera hæfari til þess að nýta þessar heimildir en sá sem er að leigja heimildirnar frá sér.

Fyrir hönd sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagastrandar


Alexandra Jóhannesdóttir
sveitarstjóri

